

1861. grein alþingistilskipunarinnar 8. marzm. 1843, snertir að eins
5. júlím. það, að semja alþingistíðindin, en eptir 1. málsgreininni er það
konungsfulltrúi, er á að annast um útgáfu tíðindanna.

Um leið og dómsmálastjórnin því sendir yður skjöl málsins, skorar hún á yður, herra amtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, að þér, samkvæmt lagastað þeim, er nú var nefndur, annist um, að máli þessu verði ráðið til lykta, og sendið síðan stjórnarráðinu skýrslu um það.

Fylgiskjölin eruð þér beðnir að senda aptur.

5. júlím. **33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um ljóstoll til kirkju.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, með bréfi 21. aprílm. f. á., sent hingað skjal nokkurt frá Jónasi Guðmundssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík; fer hann þess á leit, að hann sé undan þeginn að gjalda ljóstoll til dómkirkjunnar, meðan hann hvorki setur bú nè eignast tíundbært fè, svo og að honum verði endurgoldinn ljóstollur sá, er hann hefir greitt síðan árið 1856.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jónasi kennara Guðmundssyni, að dómsmálastjórnin ekki álitur sig eiga að skilja hann undan að greiða ljóstoll, en annars beri spurningunni um skyldu hans í því efni undir úrskurð dómenda.

5. júlím. **34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtannsins yfir norður- og austurumdæminu um hús, keypt á umboðsjörð.**

Samkvæmt því, sem farið er fram á í bréfi yðar, herra amtmaður, 12. aprílm. þ. á., leggur dómsmálastjórnin samþykki sitt á, að þér, eptir tilmælum hlutaðeigandi umboðsmanns, hafið varið 6 ríkisdöllum af tekjunum af Reynistaðar klausturs jörðum til að